

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 47. gr. lyfsölulaga nr. 30 29. apríl 1963, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. september 1975.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

17. september 1975.

Nr. 423.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vestmannaeyja.

I. RAFORKA

Rafveita Vestmannaeyja selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

A. Lýsing.

- A 1. Um kWst.-mæli á kr. 22.55 hver kWst.
- A 2. Um kWst.-mæli á kr. 10.00 hver kWst. auk fastagjalds af gólfleti er nemi kr. 100.00 á ferm. á ári í rúmi því er lýsa skal.
- A 3—6 Heimilt er að selja fyrirtækjum raforku til lýsingar jafnhliða annarri notkun um kWst.-mæli, og greiðist þá fastagjald af gólfleti þess rúms, er lýsa skal. Fastagjaldið nemi 8-földum mismun á kWst.-gjaldi samkv. A 1 og kWst.-gjaldi þess gjaldskrárliðar, sem greitt er eftir.

B. Almenn heimilisnotkun.

- B 1. Um kWst.-mæli þannig reiknað:
 - a. Orkugjald kr. 9.40 hver kWst.
 - b. Grunn gjald (mælisleiga innifalín):
Af einfasmælingu kr. 1 000.00 á ári.
Af þrifasmælingu kr. 2 000.00 á ári.
 - c. Herbergisgjald kr. 1 000.00 á ári.
Til herbergja í íbúð skal telja eldhús og öll herbergi, sem ætluð eru sem íveruherbergi.
Herbergi, sem eru minni en 5 ferm. skal reikna sem hálf, en stærra en 25 ferm. sem tvö.
Þar sem meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm., má miða við samanlagt flatamál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngilda einu herbergi og 5 ferm. hálfu herbergi.

C. Vélanotkun.

- C 1. Um kWst.-mæli á kr. 16.30 hver kWst.
Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma, má krefjast lágmarksgjalds, er nemi andvirði 200 kWst. á ári á hvert kW í málraun véla.
- C 2. Um kW/kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:
 - a. Aflgjald af mældu afli kr. 11 645.00 á hvert kW á ári. Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalág ársins.

b. Orkugjald:

0—2 500 kWst./kW kr. 3.69 hver kWst.
 2 500—4 000 kWst./kW kr. 2.13 hver kWst.
 Yfir 4 000 kWst./kW kr. 1.07 hver kWst.

C 3. Um kWst.-mæli þannig reiknað, enda sé málraun véla yfir 40 kW:

a. Aflgjald af uppsettu aflí véla kr. 10 480.00 á hvert kW í málraun véla.

b. Orkugjald:

0—2 500 kWst./kW kr. 3.69 hver kWst.
 2 500—4 000 kWst./kW kr. 2.13 hver kWst.
 Yfir 4 000 kWst./kW kr. 1.07 hver kWst.

Ofangreindir taxtar C 2 og C 3 fylgja kaupverði Rafveitu Vestmannaeyja á raforku, þannig að hlutfallsleg álagning rafveitunnar sé ávallt sú sama (þ. e. a. s. 35% á taxa C 2).

Orkugjald miðast við, að meðalfasvixsstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0.85. Falli meðalfasvixsstuðullinn niður fyrir þetta gildi skal kWst.-gjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meiri hluta úr stigi, sem meðalfasvixsstuðull mánaðarins er lægri en 0.85.

Tenging rafsuðuspenna er háð leyfi rafveitustjóra og getur hann takmarkað notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhringsins. Auk þess getur hann krafist að fasvixsstuðull spennanna, sé eigi lægri en 0.85.

D. Hitun.

D 1. Um kWst.-mæli á kr. 3.00 hver kWst. til húshitunar (án söluskatts og verðjöfnunargjalds).

D 3. Um kWst.-mæli á kr. 4.00 hver kWst. til hitunar (með söluskatti og verðjöfnunargjaldi).

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

Vélaafl, spennar og götulinur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.

Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum rafveitustjóra, en kostaður af notanda.

Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafll og ársorkuþörf húsrýmis þess, sem hita skal.

E. Önnur raforkunotkun.

E 1. Raforku til suðu má selja til gisti- og veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 9.40 hver kWst., enda sé notkunin mæld með sérsmæli og tæki fasttengd.

E 2. Til nota um vinnulagnir við byggingar meðan á byggingu stendur um kWst.-mæli á kr. 17.55 hver kWst.

E 4. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 62 670.00 á hvert kW.ár uppsett afl. Rafveitan leggur til búnað til lýsingarinnar og sér um viðhald hans.

E 5. Til götu- og útilýsingar á kr. 25 070.00 á hvert kW.ár uppsett afl, enda eigi notandi allan búnaðinn til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans.

Alla aðra rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemst undir aðra liði þessarar gjaldskrár, skal selja eftir gjaldskrárlið A 1. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri þó með samþykki rafmagnsnefndar selja raforku eftir sérstökum samningi við kaupanda.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður gerð og stærð mælitækja fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Leiga af mælum greiðist sem hér segir:

1. Af einfasa kWst.-mælum 60 A og minni	kr.	310.00 á ári
2. Af þrífasa kWst.-mælum 60 A og minni	—	625.00 - —
3. Af þrífasa kWst.-mælum (straumspennumælum)	—	1 000.00 - —
4. Af mestaafismælum 60 A og minni	—	2 000.00 - —
5. Af mestaafismælum yfir 100 A (straumspennumælum)	—	2 000.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru hér, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

Leigan innheimtist samtímis raforkugjaldinu.

III. HEIMTAUGARGJÖLD

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitu-kerfi Rafveitu Vestmannaeyja. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði.

Aðalheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur/ Málraun	Stofngjald kr.	Lengdargjald ¹⁾ kr./m
63 A einfasa	64 600.00	1 500.00
63 A þrífasa	70 850.00	1 860.00
100 A þrífasa	84 500.00	2 240.00
200 A þrífasa	136 700.00	2 800.00
315 A þrífasa	273 000.00	4 350.00
300 kVA þrífasa	400 000.00	samkv. kostnaði
500 kVA þrífasa	660 000.00	—
800 kVA þrífasa	1 050 000.00	—

Bráðabirgðaheimtaugar.

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu.

Málstraumur	Stofngjald	Lengdargjald ^{1) 2)}	
		Jarðstrengur kr./m	Loflína kr./staur
63 A einfasa	11 800.00	1 350.00	20 000.00
63 A þrífasa	16 000.00	1 700.00	22 600.00
100 A þrífasa	17 400.00	2 000.00	27 000.00

A merkir málstraum stofnvara í amper.

kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sér spennistöð er að ræða.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem rafveitan hefur samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir, fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirra húsveitu, skal eigandi veitunnar skylt að leggja til húsnaði eða lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnaði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnaðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni (í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

IV. OPNUNARGJÖLD

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 880.00 sé um ítrekun að ræða.
2. Ef fundin er óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 880.00 á skrifstofu rafveitunnar.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Söluskattur, viðlagasjóðsgjald og gjald til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu ásamt 13% verðjöfnunargjaldi, eru innifalin í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkv. vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 155 1. apríl 1975.

Iðnaðarráðuneytið, 17. september 1975.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.